

Pegasus ehf  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík

Akureyri 24. júlí 2018  
UST201807-159/H.V.  
09.06.01

### **Akstur utan vega - Dyrhólafjara**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus kvikmyndagerðar, dags. 23. júlí 2018, um leyfi til aksturs utan vega vegna undirbúningskvikmyndatöku í fjöru vestan Dyrhólaeyjar, Austurhúsafjöru þann 26. júlí 2018. Fjaran er ekki innan friðlýst svæðis en er í nágrenni við friðlandið Dyrhólaey.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### ***Lýsing framkvæmdar***

Fyrirhugað er að aka tveimur bílum, jeppa og trukki með kvikmyndakrana, í fjörunni, um það bil 500 m frá vestri til austurs. Ekið verður niður í fjöruna á gömlum slóða. Þá verður notaður 2x5 metra fleki sem verður færður til. Starfsmenn verkefnisins verða 5. Að verkefni loknu hyggst umsækjandi slóðadraga þar sem þess er þörf til að afmá för.

#### ***Áhrifamat***

Fyrirhugaður akstur sem er áætlaður í Dyrhólafjöru er í grennd við tvær vistgerðir (skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands), þ.e. strandmelahólavist og brimasamar sandfjörur. verndargildi vistgerðanna er metið lágt, en strandmelahólavist er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að afmarka akstursleiðina þannig að hún fari ekki yfir gróður í fjöruborðinu og að eknar séu eins fáar ferðir og mögulegt er og að farið sé yfir það skipulag með landverði Umhverfisstofnunar áður en kvikmyndatakan fer fram.

#### ***Skilyrði***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leiti leyfi fyrir akstri utan vega í fjöru vestan Dyrhólaeyjar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal landverði Umhverfisstofnunar á Suðurlandi hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar eins fljótt og kostur er.
- Allur akstur utan vega, umfram þann sem þetta leyfi nær til, er óheimill.
- Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf. Sérstök aðgát skal höfð til að raska ekki fuglavarpi.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða slóða skal það trygg að það valdi ekki gróðurskemmdum. Akstursleiðin skal afmörkuð þannig að hún fari ekki yfir gróður.
- Akstur í fjöru skal fara fram sem næst flæðarmáli og kostur er til verndar þeim vistgerðum og því lífríki sem er á svæðinu og til að ummerki eftir aksturinn afmáist sem fyrst.
- Umhverfisstofnun skal sendur gps ferill akstursins að verkefni loknu sbr. 5. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg og vatn.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki og athafnir að verkefni loknu. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt. Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðunum að því loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi eins og hér er veitt geta virkað hvetjandi á aðra sem heimsækja fjöruna til að aka utan vega. Tökustaðurinn er fjölsóttur. Mjög mikilvægt er að það komi skýrt fram að svæðið sé lokað fyrir annarri umferð utan vega og að aðeins sé verið að leyfa akstur um fjöruna af sérstökum ástæðum. Einnig þarf að sækja um leyfi hjá landeiganda og mögulega þarf leyfi sveitarfélags.


### ***Leyfisgjald***

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til aksturs utan vega á grundvelli 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verkefnið er hluti af stærra verkefni og verður sérstaklega gert grein fyrir kostnaði vegna úrvinnslu umsóknarinnar þegar verkefnið í heild verður gert upp.

### ***Eftirlit***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Svæðisstjóri



Hákon Ásgeirsson  
Teymisstjóri